

Fimmtudaginn 28. nóvember 1996.

Nr. 101/1996.

Dánarbú Karls Harrýs Sveinssonar

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Ernu Árnadóttur

Antoni Bjarnasyni og

Péttri Bjarnasyni

(Garðar Briem hdl.)

og gagnsök

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Dánarbú. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1996. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjenda og að vextir verði felldir niður eða lækkaðir í venjulega innlánsvexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 22. maí 1996. Endanlegar kröfur þeirra fyrir Hæstarétti eru:

„Aðallega: að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með vísan til forsendna hans, hvað varðar eftirfarandi:

1. Að áfrýjandi greiði umbj. m. 2.955.522 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. janúar 1987 til 16. janúar 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.
2. Að aðaláfrýjandi greiði umbj. m. dagsektir vegna dráttar á afhendingu bifreiðarinnar KS 839, 5000 kr., frá 15. degi eftir uppkvaðningu héraðsdóms í málinu til afhendingardags bifreiðarinnar og leigugjald fyrir bifreiðina, 1.150 kr. á dag, frá 27. nóv. 1992 til dómsuppsögu héraðsdóms, og beri leigufjárhæðin dráttarvexti frá þeim degi samkv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

3. Að aðaláfrýjandi greiði umbj. m. 500.000 kr. í málskostnað.

Til vara, að viðurkennd verði með dómi 70,92% eignarhlutdeild gagnáfrýjenda í 4.100.000 kr., sem eru nettóandvirði íbúðar 0202 í fasteigninni við Smyrlahraun nr. 74 í Hafnarfirði, í 399.230 kr. peningagreiðslu í vörslu skiptastjóra og húsbrefum, að fjárhæð 5.400.000 kr., í vörslu skiptastjóra, en allt er þetta söluandvirði 4-5 herbergja íbúðar, merktrar 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, skv. samþykktu kauptilboði í eignina, dags. 7. nóv. 1995.

Til þrautavara, að viðurkennd verði með dómi lægri en 70,92% eignarhlutdeild gagnáfrýjenda í 4.100.000 kr., sem eru nettóandvirði íbúðar 0202 í fasteigninni við Smyrlahraun nr. 74 í Hafnarfirði, í 399.230 kr. peningagreiðslu í vörslu skiptastjóra og húsbrefum, að fjárhæð 5.400.000 kr., í vörslu skiptastjóra, en allt er þetta söluandvirði 4-5 herbergja íbúðar, merktrar 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, skv. samþykktu kauptilboði í eignina, dags. 7. nóv. 1995.“

Þá krefjast gagnáfrýjendur einnig málskostnaðar í héraði samkvæmt vara- og þrautavarakröfu. Enn fremur krefjast þau málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur fallið frá skuldajöfnunarkröfu þeirri, sem hann gerði fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Þá hefur hann fallist á að afhenda bifreiðina KS-839, og hefur afhendingin farið fram, sbr. fram lagt símbref bústjóra 1. febrúar 1996 og staðfestingu lögmanns gagnáfrýjanda 22. mars sama ár fyrir vörslutöku fylgihluta með bifreiðinni.

Aðalkrafa gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti er við það miðuð, að María Bjarnadóttir hafi lánað Karli Harrý Sveinssyni fé, en ekki, að hún hafi eignast hlut í Sævangi 9 í Hafnarfirði á sambúðartíma þeirra. Anton Bjarnason, bróðir Maríu og einn gagnáfrýjenda, bar það fyrir héraðsdómi, að María hefði ekki litið svo á, að hún ætti hlut í húsinu, heldur, að Karl Harrý skuldaði henni fé, sem endurgreitt yrði, kæmi til slita á sambúðinni. Þykir, eins og kröfugerðinni er háttað, og í samræmi við þessa yfirlýsingu verða við það að miða, að ekki hafi komið til eignamyndunar Maríu í húseigninni. Sýnt hefur verið fram á, að María lagði Karli Harrý til verulegt fé í upphafi sambúðar þeirra, og er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé, að skuldin hafi verið gefin eftir. Helstu gögn um skuld-

ina eru skattframtöl þeirra. Þar er þessi skuld uppfærð síðast í skattframtali 1987. Verður við það að miða, svo sem greinir í héraðsdómi, að samkomulag hafi verið milli þeirra um, að skuldin hafi þá numið 2.955.522 krónum. Vextir voru ekki reiknaðir af skuldinni í skattframtölum. Við það verður að miða, að sambúð þeirra hafi lokið 15. september 1990. Verða vextir ekki reiknaðir af fjárhæðinni fyrr en að loknum sambúðartímanum, og samkvæmt málsatvikum og kröfugerð gagnáfrýjenda í héraði verða dráttarvextir dæmdir frá uppkvaðningu héraðsdóms. Með þessum athugasemdum þykir rétt að staðfesta þann hluta héraðsdóms, sem fjallar um skuld þessa.

Bifreiðin, sem um er getið í héraðsdómi, var afhent gagnáfrýjendum 1. febrúar 1996, og er krafa um afhendingu hennar ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Rétt er því að fella niður dagsektir þær, sem dæmdar voru í héraði. Gagna um not af bifreiðinni nýtur ekki. Þykja ekki efni til að dæma gagnáfrýjendum leigu fyrir hana, svo sem þeir hafa krafist.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, dánarbú Karls Harrýs Sveinssonar, greiði gagnáfrýjendum, Ernu Árnadóttur, Antoni Bjarnasyni og Pétri Bjarnasyni, 2.955.522 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. september 1990 til 19. desember 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömulaga frá þeim degi til greiðsludags.

Sýknað er af öðrum kröfum gagnáfrýjenda.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. desember 1995.

Mál þetta var höfðað með tveimur stefnum, birtum 7. janúar 1992 og einni þingfestri 4. febrúar s. á. Málin voru sameinuð 6. maí 1992 og hið sameinaða mál tekið til dóms 7. nóvember s. á. og dómur kveðinn upp 27. sama mánaðar. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 22. júní 1995, var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað

heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Málinu var úthlutað dómara 20. október sl. Málsmeðferð í héraði hófst að nýju 8. nóvember, og var málið tekið til dóms að loknum máflutningi 23. nóvember sl.

Stefnendur eru Erna Árnadóttir, kt. 151222-4129, Dalshrauni 5, Hafnarfirði, Anton Bjarnason, kt. 170749-3679, Silungakvísl 12, Reykjavík, og Pétur Bjarnason, kt. 200955-4129, Ásbúð 84, Garðabæ. Stefnt var Karli Harrý Sveinssyni, kt. 140445-3719, til heimilis í Lækjargötu 34 A, en áður á Sævangi 9, Hafnarfirði. Stefndi Karl Harrý lést 27. febrúar 1995, og hefur dánarbú hans, sem sætir opinberum skiptum, tekið við aðild að málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þessar:

„I. Kröfugerð, er lýtur að framlögum Maríu Bjarnadóttur til stefnda.

I.1. Stefnendur gera aðallega þá kröfu, að viðurkennd verði með dómi 70,92% sameiginleg eignarhlutdeild þeirra í 4.100.000 kr. nettóandvirði íbúðar 0202 í fasteigninni við Smyrlahraun nr. 74 í Hafnarfirði, í 399.230 kr. greiðslu í peningum, sem greiða á þremur mánuðum eftir undirskrift kaupsamnings, og í fasteignaveðbréfi, skiptanlegu fyrir húsbref, að fjárhæð 5.400.000 kr., sem allt er söluandvirði 4-5 herbergja íbúðar, merktrar 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, samkvæmt samþykktu kauptilboði í eignina, dags. 7. nóv. 1995.

I.2. Stefnendur gera til vara þá kröfu, að stefnda verði gert að greiða stefnendum skuld, að fjárhæð 6.129.545,60 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. síðari breytingar frá 16. 1. 1992, til greiðsludags.

I.3. Stefnendur gera til þrautavara þá kröfu, að viðurkennd verði með dómi lægri en 70,92% sameiginleg eignarhlutdeild þeirra að mati dómsins í 4.100.000 kr. nettóandvirði íbúðar 0202 í fasteigninni við Smyrlahraun nr. 74 í Hafnarfirði, í 399.230 kr. greiðslu í peningum, sem greiða á þremur mánuðum eftir undirskrift kaupsamnings, og í fasteignaveðbréfi, að fjárhæð 5.400.000 kr., skiptanlegu fyrir húsbref, sem allt er söluandvirði 4-5 herbergja íbúðar, merktrar 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, samkvæmt samþykktu kauptilboði í eignina, dags. 7. nóv. 1995.

II. Kröfugerð, er lýtur að bifreiðinni Ford Club Wagon, sknr. KS-839.

II.1. Stefnendur gera aðallega þá kröfu, að staðfest verði með dómi ógildi afsalsgernings, sem gerður var 11. 6. 1990, þar sem María Bjarnadóttir afsalaði stefnda bifreiðinni KS-839 af Ford Club Wagon-gerð, að stefnda verði gert að greiða stefnendum 10.982 kr. á sólarhring í leigu fyrir afnot af bifreiðinni frá og með 27. nóv. 1992 til dómsuppsögudags auk dráttarvaxta skv.

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags og að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnendum umráð bifreiðarinnar að

viðlögðum dagsektum, 10.982 kr. á dag, frá dómssuppsögu til afhendingardags.

II.2. Stefnendur gera til vara þá kröfu, að kaupsamningi um bifreiðina KS-839 af Ford Club Wagon-gerð verði rift með dómi og að stefnda verði gert að greiða stefnendum 10.982 kr. á sólarhring í leigu fyrir afnot af bifreiðinni frá og með 27. nóv. 1992 til dómssuppsögudags auk dráttarvaxta skv.

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómssuppsögudegi til greiðsludags og að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnendum umráð bifreiðarinnar að viðlögðum dagsektum, 10.892 kr. á dag, frá dómssuppsögu til afhendingardags.

II.3. Stefnendur gera til þrautavara þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.780.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. júní 1990 til greiðsludags.

III. Kröfugerð, er lýtur að afhendingu lausafjármuna í eigu stefnenda, sem eru í vörslum stefnda.

III.1. Stefnendur gera þá kröfu, að stefnda verði gert með dómi að afhenda stefnendum eftirtalda muni, sem eru í eigu stefnenda, en stefndi hefur í vörslum sínum:

- a. Silfurhálsmen, smíðað af Baldvin Björnssyni,
- b. sófi með leðuráklæði,
- c. hægindastóll með leðuráklæði ásamt skemli,
- d. sófasett með rauðu plussáklæði,
- e. 6 „long-drink“-glös og 4 sérríglös,

að viðlögðum dagsektum, 5.000 kr. á dag, frá dómssuppsögu til greiðsludags.

IV. Málskostnaður.

Í öllum tilvikum gera stefnendur þá kröfu, að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað, að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.“

Dómkröfur stefnda eru þessar:

„Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Til vara, að kröfur stefnenda að því leyti, sem þær kynnu að verða teknar til greina, verði stórlega lækkaðar, – enn fremur, að allir vextir, sem stefnendur krefjast, þar á meðal innreiknaðir vextir í kröfu stefnenda nr. I, 1, 2 og 3 verði felldir niður, verði kröfur stefnenda að einhverju leyti teknar til greina, og til vara lækkaðir í venjulega vexti af innlánsbókum banka og sparisjóða að því leyti, sem þeir eru ekki þegar fyrndir.

Þá er bæði í aðalkröfu og varakröfu krafist þess, að stefnendur verði

dæmd til þess að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnkrafa til skuldajafnaðar.

Stefndi krefst þess, verði kröfur stefnenda að einhverju leyti teknar til greina, að jafnframt verði viðurkenndur réttur sinn til að skuldajafna þar á móti kröfu sinni á hendur dánarbúinu, að fjárhæð allt að 2.430.000 krónum, auk vaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá 20. janúar 1991 til greiðsludags. Þá verði honum enn fremur tildæmdur málskostnaður að skaðlausu í gagnsök auk vaxta og virðisaukaskatts, eins og krafist er í aðalsök. Ekki er krafist sjálfstæðs dóms í gagnsök, verði stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnenda.“

Nánar um kröfugerð stefnenda.

I. hluti.

Upphaflega beindust kröfur stefnenda í I. hluta kröfugerðarinnar að fasteigninni Sævangi 9, Hafnarfirði, sem stefndi var þinglýstur eigandi að. Varakrafan í I.1. var um það, að viðurkennd yrði með dómi 50% sameiginleg eignarhlutdeild stefnenda og stefnda í þeirri fasteign. Í kjölfar samnings milli stefnda og Byggðaverks hf. um makaskipti á eignunum einbýlishúsinu Sævangi 9 og íbúð nr. 301 í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, hvorri tveggja í Hafnarfirði, gerðu aðilar málsins samkomulag, sem fól í sér, að í stað upphaflegrar kröfu kröfðust stefnendur 70,92% eignarhlutdeildar í íbúðinni. Í því horfi var kröfugerðin, þegar málið var dæmt í héraði 27. nóvember 1992. Með endanlegri kröfugerð stefnenda nú fylgir þessi greinargerð:

„Kröfugerð stefnenda hefur verið breytt, að því er varðar kröfulið I, 1 og I, 3, en breyting þessi er til komin vegna sölu stefnda á íbúðinni við Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, en kauptilboð vegna eignarinnar hefur verið samþykkt af hálfu skiptastjóra. Ekki var talin ástæða til að standa gegn sölunni af hálfu stefnenda, enda samkomulag um, að kröfugerð stefnenda myndi þá beinast að söluandvirði íbúðarinnar, sbr. yfirlýsingu skiptastjóra dánarbús Karls Harrýs Sveinssonar, sem lögð er fram með kröfugerð þessari.“

Yfirlýsing skiptastjóra, sem hér var vísað til, er á fram lögðu símbrefi til lögmanns stefnenda, dags. 8. nóvember sl. Þar segir:

„Sem skiptastjóri db. Karls Harrýs Sveinssonar lýsi ég því yfir, að falli endanlegur dómur [á] þá leið, að viðurkennd verði krafa umbj. þinna um 70,92% sameiginlega eignarhlutdeild í ofangreindri eign [þ. e. íbúð nr. 301 í Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði. – Innskot dómara] eða lægri sameiginleg eignarhlutdeild, færist eignarréttarkrafa umbj. þinna yfir á andvirði það,

sem kemur í stað ofangreindrar íbúðar og bílskúrs.“ Undir þetta ritar Rúnar S. Gíslason hdl., skiptastjóri.

II. hluti.

Krafa stefnenda um dagsektir styðst við gjaldskrá SH-bílaleigunnar og einnig krafa þeirra um leigu á dag.

Krafa II, 3 styðst við matsgjörð dómkvaddra matsmanna. Finnbogí Kristinn Eyjólfsson bifvélavirki og Jón Rúnar Ragnarsson framkvæmdastjóri voru dómkvaddir til þess að láta í té skriflegt og rökstutt álit um söluverðmæti bifreiðarinnar KS-839, Ford Club Wagon, miðað við 11. júní 1990. Matsgjörð þeirra, dags. 22. júní 1992, er að meginefni svohljóðandi:

„1. Matsmenn telja söluverðmæti bifreiðarinnar í því ástandi, sem ætla má, að hún hafi verið 11. júní 1990 á frjálsum markaði og gegn staðgreiðslu, hafi verið 1.780.000 kr.

2. Þar sem ekki lágu fyrir á matsfundi óbyggjandi upplýsingar um búnað nefndrar bifreiðar 11. júní 1990, telja undirritaðir rétt að taka einnig afstöðu til verðmætis hennar miðað við, að hún hafi verið óbreytt frá framleiðanda, þ. e. a. s. með eindrifsbúnaði og án upphækkunar. Miðað við þær forsendur telja matsmenn söluverðmæti bifreiðarinnar í því ástandi, sem ætla má, að hún hafi verið áður nefndan dag á frjálsum markaði gegn staðgreiðslu, hafi verið 1.050.000 kr.“

Málavextir eru í stuttu máli þessir:

Stefnendur eru lögerfingjar Maríu Bjarnadóttur, sem hóf óvígða sambúð með stefnda árið 1981, og varaði sambúðin fram á síðari hluta árs 1990. María lést af völdum krabbameins 19. janúar 1991. Leyfi til einkaskipta í dánarbúi Maríu var gefið út 30. október 1991 stefnendum til handa.

Vegna skilnaðar stefnda, Karls Harrýs, og eiginkonu hans að borði og sæng var gert samkomulag um eignaskipti, dags. 15. maí 1981. Þar var m. a. kveðið á um eftirfarandi: Stefndi, Karl Harrý, fékk í sinn hlut einbýlishúsið Sævangi 9, Hafnarfirði. Skyldi hann greiða eiginkonunni 300.000 krónur í víxlum. Eiginkonan fékk í sinn hlut bifreið. Stefndi skyldi greiða allar skuldir búans, þar með taldar veðskuldir, sem hvíldu á Sævangi 9.

Stefndi og María Bjarnadóttir voru skráð með sameiginlegt lögheimili á Sævangi 9 frá 1982 til dánardægurs Maríu samkvæmt fram lögðu vottorði Hagstofu Íslands. Samkvæmt sambúðarvottorði hagstofunnar voru þau skráð í sambúð frá 1985 til 15. september 1990. Þegar þau hófu sambúð, átti María íbúð á Álfaskeiði 74, Hafnarfirði. Þá íbúð seldi hún fyrir 340.000 kr., kaupsamningur dags. 22. júní 1981.

Fyrstu árin, sem stefndi, Karl Harrý, og María Bjarnadóttir voru í sam-

búð, töldu þau sér fram til skatts til ársins 1984. Eftir það telja þau fram sameiginlega. Á skattframtölum þeirra 1982 (þ. e. fyrir árið 1981) er talin fram skuld stefnda, Karls Harrýs, við Maríu, að fjárhæð 150.000 kr. Skuldarfjárhæðin fer síðan vaxandi ár frá ári næstu ár, þannig: 1983 850.000 kr., 1984 1.450.000 kr., 1985 (fyrsta sameiginlegt framtal) 1.837.440 kr., 1986 2.364.418 kr. og 1987 2.955.522 kr. Var fjárhæð skuldarinnar því þessi, 2.955.522 kr., í árslok 1986. Á framtali 1988 var skuldarinnar ekki getið og ekki eftir það.

María Bjarnadóttir greindist með brjóstakrabbamein í júní 1988. Í fram lögðu læknisvottorði Sigurðar Árnasonar læknis, sem síðar verður getið, segir, að hún hafi oft legið inni á krabbameinslækningadeild Landspítala Íslands, m. a. 2. til 12. júní 1990. Eftir andlát Maríu söknuðu stefnendur bifreiðar af gerðinni Ford Club Wagon, skrásetningarnr. KS-839, sem hún átti. Við eftirgrennslan kom í ljós, að 11. júní 1990 höfðu María og stefndi, Karl Harrý, undirritað sölutilkynningu til bifreiðaskrár, hún sem seljandi, en hann sem kaupandi. Frá tilkynningu þessari var gengið á Borgarbílasöluinni við Grensásveg, og var hún vottuð af tveimur vottum, sbr. síðar. Ekki var gerður kaupsamningur né gefið út afsal.

Málsástæður stefnenda og lagarök.

I. Kröfur vegna framlaga Maríu Bjarnadóttur til stefnda, Karls Harrýs.

Stefnendur reisa kröfuna á því, að María hafi með andvirði íbúðar sinnar á Álfaskeiði 74 greitt verulegan hluta áhvílandi skulda á fasteigninni Sævangi 9. Á sambúðartímanum hafi María og stefndi blandað saman fjárhag sínum og Maríu, sem hafi haft nokkru hærri tekjur en stefndi, lagt auk söluandvirðis íbúðar sinnar verulega fjármuni í framangreint einbýlishús og til að greiða aðrar skuldir stefnda. Einnig reisa þeir kröfuna á því, að með því, að hætt var að taka fram um skuldir stefnda við Maríu á skattframtali 1988, hafi þar verið um að ræða formlega viðurkenningu stefnda á eignarrétti Maríu í fasteigninni. Þá er vísað til þess, að á hinum langa sambúðartíma hafi fjárhagur þeirra blandast og sameiginlegur kostnaður heimilisins, þ. m. t. rekstrarkostnaður fasteignar auk afborgana lána, verið greiddur af þeim báðum.

Varakrafa stefnenda er á því reist, að stefndi hafi enn ekki greitt lán það, sem hann fékk hjá Maríu til greiðslu á eignarhluta fyrrum eiginkonu sinnar í Sævangi 9. Fjárhæð skuldarinnar og lánskjör megi ráða af skattframtölum árána 1982-1987.

Prautavarakrafa stefnenda er reist á því, að á hinum langa sambúðartíma hafi María öðlast eignarrétt að hluta fasteignar með fjárframlögum til greiðslu áhvílandi skulda auk framlaga til viðhalds og endurbóta.

Um lagarök vísa stefnendur til ólögfesta reglna sifjaréttar um tilurð óskiptrar sameignar sambúðarfólks á sambúðartíma, almennra reglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987 auk ákvæða einkamálalaga.

II. Kröfur til bifreiðar.

Stefnendur byggja aðalkröfu aðallega á því, að „afsal“ Maríu til stefnda sé ógilt frá upphafi, þar sem löggerningurinn brjóti í bága við ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, auk ólögfesta reglna samningaréttar um löggerningsháfi. Er í því efni vísað til báginda Maríu, þar sem andlegt atgervi hennar hafi verið sljóvgað af alvarlegum sjúkdómi. Einnig telja stefnendur óheiðarlegt af stefnda að bera þennan löggerning fyrir sig, þar sem ekki hafi getað farið fram hjá honum, að María hafi verið ófær um að ráðstafa eignum sínum sökum óráðs og sljóleika. Þá sé „afsalsgerningurinn“ ósanngjarn, þar sem María hafi afsalað sér verulegu verðmæti án endurgjalds. Ógildingarkrafan er einnig reist á því, að um dánargerning hafi verið að ræða, þar sem María hafi legið á sjúkrabeði langt leidd af banvænum sjúkdómi. Þar sem formreglna erfðalaga um erfðaskrár hafi ekki verið gætt, sé gerningurinn ógildur, sbr. 54. gr. erfðalaga.

Varakrafa er studd því, að um skilyrði riftunar sé að ræða, þar sem stefndi hafi ekki greitt andvirði bifreiðarinnar samkvæmt hinum gagnkvæma samningi um kaupin.

Um þrautavarakröfu er við það miðað, að stefnda beri að efna kaupsamninginn in natura, og er fjárkrafan reist á niðurstöðu dómkvaddra matsmanna.

Krafa um greiðslu dagsekta er reist á 3. tl. 193. gr. laga nr. 85/1936 um almenna meðferð einkamála í héraði.

Um lagarök vísa stefnendur til „ákvæða kaupalaga, almennra reglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og ákvæða eml.“ auk þegar tilvitnaðra réttarreglna.

III. Kröfur til annarra lausafjármuna.

Stefnendur segjast fljótlega hafa orðið þess vör, er þau höfðu fengið leyfi til einkaskipta, að ýmsa muni, sem þau segja hafa verið í einkaeign Maríu, vantaði í dánarbú hennar. Munir þessir hafi verið á sameiginlegu heimili Maríu og stefnda, Karls Harrýs, er hún lá banaleguna, en eftir samvistarslit-in hafi hún ekki haft þrótt til að gera reka að heimtu þeirra. Stefndi hafi í engu sinnt ítrekuðum kröfum stefnenda um afhendingu munanna.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að munirnir séu eign dánarbús Maríu Bjarnadóttur, þar sem þeir hafi verið einkaeign hennar. Þá vísa þau til þess, að þau séu lögerfingjar Maríu og fyrirsvarsmenn dánarbús hennar.

Um lagarök vísa stefnendur til ákvæða laga nr. 8/1962, almennra reglna einkaréttar um óskoraðan rétt eiganda til varslna eigin hluta og 3. t. 193. gr. einkamálalaga og ákvæða vaxtalaga.

Málsástæður stefnda og lagarök.

I. Um kröfur vegna framlaga Maríu Bjarnadóttur til stefnda, Karls Harrýs.

Í greinargerð stefnda segir, að fasteignin Sævangur 9 hafi verið í séreign stefnda í hjúskap hans og fyrrverandi eiginkonu hans. Fasteignamat eignarinnar hafi árið 1982 verið 2.025.000 kr. Peningagreiðslur stefnda til eigin-konunnar vegna skilnaðarins hafi numið aðeins 300.000 kr. Stefndi hafi einn verið þinglýstur eigandi fasteignarinnar á sambúðartíma þeirra Maríu Bjarnadóttur.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kröfur stefnenda um tilkall til eignarréttar í fasteigninni styðjist ekki við neinar lagaheimildir eða réttarreglur. Vísað er til þess, er skattframtöl greina um skuld stefnda við Maríu, sbr. hér að framan. Á þeim sjáist ekki einungis skuldin, heldur einnig, að María hafi gefið stefnda hana eftir. Hún hafi einnig gengið frá skriflegri yfirlýsingu um eftirgjöfina, sem hafi glatast. Ákvörðun um þetta hafi María tekið árið 1987, er þau hafi bæði verið orðin sjúk, hann kominn með kransæðastíflu og hún með krabbamein. Árið 1988 hafi María ráðstafað til erfingja sinna, eins og skattframtöl beri með sér, hlutum sínum í Glerborg hf. og Dalshrauni 5 hf. Þessar ráðstafanir hafi einnig ákvarðast af alvarlegum veikindum hennar. Sambúðarslit stefnda og Maríu hafi borið að með þeim hætti, að það hafi orðið að ráði, að hún færi fyrst um sinn heim til móður sinnar, er þau komu bæði af sjúkrahöfnunum. Ætlunin hafi ekki verið að slíta sambúðinni, en María hafi ekki flust að nýju til stefnda, enda hafi hún dvalist langdvölum á sjúkrahúsi eftir þetta. Móðir Maríu hafi séð um formlega tilkynningu um flutning á heimilisfangi hennar án vilja eða vitundar stefnda.

II. Um kröfur til bifreiðar.

Af hálfu stefnda er sagt, að María hafi ráðstafað eignum sínum með ýmsu móti, eftir að hún veiktist, bæði til stefnda og ættingja sinna. Það hafi verið vilji hennar, að stefndi fengi bifreiðina. Þau hafi farið saman á Borgarbílasöluna, þar sem gengið hafi verið frá sölutilkynningu á fullkomlega lögmatan hátt. Sérstaklega er mótmælt sem röngu fyrrnefndu læknisvottorði Sigurðar Árnasonar, sem síðar verður greint nánar frá. Engin sálgreining liggja fyrir á Maríu heitinni frá þessum tíma, og verði því ekki séð, á hvaða fræðilegum forsendum umsögn í læknisvottorðinu [sem að slíku lýtur – Innskot dómara] er byggð. Áður en gengið hafi verið frá sölutilkynningu,

hafi stefndi haft samráð um andlegt ástand Maríu við Bjarna Hannesson lækni, þann sem síðan gerði aðgerð á henni. Afsal Maríu á bifreiðinni til stefnda hafi verið gjörningur inter vivos, sem hún hafi haft fulla heimild til og sé bindandi fyrir erfingja hennar. Í þessu sambandi er og haldið fram tómlæti af hálfu stefnenda. Stefndi heldur og fram, að hann hafi gert margvíslegar endurbætur á bifreiðinni á eigin kostnað og eigi vegna þeirra kröfu á stefnendur, verði kröfur þeirra teknar til greina.

III. Um aðra lausafjarmuni.

Í greinargerð stefnda, Karls Harrýs, segir, að einn stefnenda, Pétur Bjarnason, ásamt lögmanni þeirra hafi komið á heimili stefnda haustið 1991 og tekið með samþykki hans alla þá lausafjarmuni, sem þeir töldu fylgja dánarbúi Maríu Bjarnadóttur. [Samkvæmt fram lagðri skrá yfir munina voru þeir afhentir 14. júlí 1991. – Aths. dómara.] Svofellda grein gerir stefndi fyrir umstefndum lausafjarmunum með vísun til kröfuliða: a) Fermingargjöf Maríu til Fanneyjar, dóttur stefnda. b) og c) Gjafir Maríu til Stefáns Bachmanns, sonar stefnda, en skemill fylgdi ekki hægindastólum. d) Jólagjöf móður Maríu til hennar og stefnda fyrir mörgum árum. Sófasettið var selt „á sínum tíma“. e) Glösin eru ekki lengur til. Séríglösin voru upphaflega sex að tölu, og hafa tvö þeirra verið afhent lögmanni stefnenda.

IV. Um gagnkröfu.

Gagnkrafan, segir í greinargerð stefnda, er sett fram til ýtrustu varúðar og skuldajöfnunar, fari svo, að einhverjar af kröfum stefnenda verði teknar til greina. Hún sundurliðast þannig:

Húsaleiga í 4 ár, áður en sambúð var skráð, árin 1982–1985,	
30.000 kr. á mánuði í 48 mánuði	kr. 1.440.000
Aðstoð við Maríu heitna á árunum 1988 – sept. 1990,	
30.000 kr. á mánuði í 31 mánuð	„ 990.000
	<hr/>
Samtals	kr. 2.430.000

Skýrslur fyrir dómi gáfu eftirtaldir: Aðilaskýrslur: stefnandi Anton Bjarnason, bróðir Maríu Bjarnadóttur, og stefndi, Karl Harrý Sveinsson. Fimmtán vitni voru leidd í máli þessu. Verður hér einungis getið þeirra, sem vitnað verður til hér á eftir: Anna Árnadóttir og María Eyþórsdóttir voru vinkonur Maríu Bjarnadóttur um langan aldur. Helga G. Ólafsdóttir hafði starfað við fyrirtæki stefnenda í 18 ár og verið samstarfsmaður Maríu í 15–16 ár. Fanney Karlsdóttir og Stefán Bachmann eru börn stefnda. Sig-

urður Árnason læknir er sérfræðingur í krabbameinslækningum við krabbameinslækningadeild Landspítala Íslands. Reynir Guðmundsson er bifreiðaskoðunarmaður. Pétur Björnsson rak Borgarbílasöluna. Hjörtur Narfason og Guðbrandur Gunnar Björnsson voru vottar á tilkynningu til bifreiðaskrár um sölu á bifreiðinni KS-839.

Forsendur og niðurstöður.

I. Um framlög Maríu Bjarnadóttur til stefnda, Karls Harrýs.

Fasteignin Sævangur 9, Hafnarfirði, var ekki séreign stefnda, Karls Harrýs, við upphaf sambúðar hans og Maríu Bjarnadóttur, svo sem haldið er fram í greinargerð stefnda. Samkvæmt fram lögðu skilnaðarsamkomulagi stefnda við eiginkonu sína, dags. 15. maí 1981, fékk stefndi í sinn hlut einbýlishúsið Sævangi 9, Hafnarfirði, en tók að sér að greiða allar skuldir búsins. Hann skyldi greiða eiginkonu sinni 300.000 kr. með því að samþykkja henni til handa 10 víxla, hvern að fjárhæð 30.000 kr. Gjaldalagi fyrsta víxilsins var 1. ágúst 1981 og síðan 1. dag hvers mánaðar.

Víst er, að skuldastaða stefnda hefur verið erfið í upphafi sambúðar, en María Bjarnadóttir fékk verulegar fjárhæðir til ráðstöfunar með sölu á íbúð sinni. Leitt er og í ljós, að hún hafði hærri tekjur á sambúðartíma en hann. Staðhæfing stefnda þess efnis, að María hafi, eftir að hún veiktist, ráðstafað til erfingja sinna hlutum sínum í Glerborg hf. og Dalshrauni 5 hf., er ekki studd gögnum og stangast á við það, sem skattframtöl greina.

Sýnt hefur verið fram á, að María Bjarnadóttir lagði stefnda til fé, til þess að hann gæti greitt eiginkonu sinni hennar hlut í Sævangi 9 og að einhverju leyti áhvílandi skuldir á fasteigninni og e. t. v. fé í enn öðru skyni.

Stefnandinn Anton Bjarnason, bróðir Maríu heitinnar, sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að María hefði lagt fram fé til endurbóta á fasteigninni Sævangi 9 og til greiðslu áhvílandi lána, sem hefði ekki verið óeðlilegt á þeim tíma, einnig lánsfé til einkaneyslu stefnda. Hún hefði ekki litið svo á, að hún ætti hlut í húsinu, heldur, að stefndi skuldaði sér fé, sem endurgreitt yrði, ef til slita kæmi á sameigninni.

Vitnið María Eypórsdóttir bar, að hún hefði verið vinkona Maríu Bjarnadóttur í 25 ár. Hún hafði eftir nöfnu sinni, að söluandvirði íbúðar hennar á Álfaskeiði 74 hefði „farið í að borga fyrri konu Harrýs út og hún ætti þannig hlut í húsinu“. Aðspurð taldi vitnið líklegt, að María hefði lagt af launatekjum sínum og sparifé í einbýlishúsið við Sævang.

Vitnið Anna Árnadóttir kvaðst hafa verið vinkona Maríu Bjarnadóttur frá barnsaldri. Hún var spurð, hvort hún vissi, í hvað peningarnir, sem komu fyrir íbúðina á Álfaskeiði 74, hefðu farið. Vitnið svaraði: „Ég veit það náttúrulega ekki alveg upp á krónu, en ég heyrði það, að hún keypti sig

í raun inn í húsið hjá Harrý, vegna þess að peningarnir voru notaðir til að borga út fyrri konu Harrýs.“ Vitnið var spurt, hvort það teldi, að María hefði einhvern tíma á sambúðartímanum litið svo á, að hún ætti hlut í Sævangi 9 á móti Karli Harrý. „Já, já,“ svaraði vitnið.

Vitnið Helga G. Ólafsdóttir kvaðst hafa unnið hjá fjölskyldufyrirtæki stefnenda í 18 ár og verið samstarfsmaður Maríu Bjarnadóttur í 15–16 ár. Lögmaður stefnenda spurði hana, hvort stefndi, Karl Harrý, hefði haft einhver afskipti af sölu íbúðar Maríu á Álfaskeiði 74.

Vitnið: „Já, að hennar sögn allavega.“

Lögmaður: „Hvaða afskipti?“

Vitnið: „Mér skildist, að þau væru að selja þessa íbúð saman, ekki hún ein, og að hún væri að selja hana vegna Karls Harrýs.“

Lögmaður: „Talaði María einhvern tíma við þig um, í hvað andvirði íbúðar hennar við Álfaskeið fór?“

Vitnið: „Já, í Sævang 9.“

Skýrslur eru ekki á einn veg um það, hvort María Bjarnadóttir taldi sig eiga hlut í fasteigninni Sævangi 9 með stefnda, Karli Harrý. Mótmæli stefnda, Karls Harrýs, og framburður stefnandans Antons Bjarnasonar leiða til þeirrar niðurstöðu, að hún hafi ekki átt hlut í fasteigninni.

Samkvæmt sameiginlegu skattframtali Maríu Bjarnadóttur og stefnda, Karls Harrýs, 1987 var skuld hans við hana í árslok 1986 2.955.522 kr. Stefndi var fyrir dóminum spurður af lögmanni sínum, hvernig staðið hefði verið að niðurfellingu skuldarinnar.

Stefndi: „Það var þannig, að í upphafi sambúðar fannst henni það ekki rétt að vera með tvær eignir, og hún seldi þarna, og ég fékk lánaða þessa upphæð, enda hef ég kvittað fyrir það og greint frá því í skattframtali og reiknað hæstu vexti og verðbætur ofan á í hvert skipti. Síðan, seinna meir, ákváðum við það að fella þessa skuld alveg niður á skattskýrslu, og þetta var eini pappírinn, sem við gátum greint frá, að væri talinn opinber pappír, þar sem ég var ekki enn búinn að fá lögskilnað frá fyrrverandi konu, þar sem í hana náðist ekki í Noregi.“

Lögmaður: „Er það sem sagt rétt skilið, að með því, að þegar hún fellir þetta niður á skattframtali, að þá sé það í framhaldi af ákvörðun hennar að fella skuldina niður og krefja þig ekki um hana?“

Stefndi: „Já.“

Lögmaður stefnenda lagði spurningar fyrir stefnda, m. a. út frá skattframtali 1982, þar sem fram kemur fyrst skuld stefnda við Maríu Bjarnadóttur, þá 150.000 krónur.

Stefndi: „Já, þarna var það, sem við deilum þarna á milli skulda. Það

hlýtur að koma skýring á því á næsta skattframtali árið á eftir, hvernig þetta er.“

Lögmaður: „Næsta skattframtal, árið á eftir, er skuldin orðin ennþá hærri. Á þessu skjali kemur fram, að skuld þín hafi hækkað vegna viðbótarlána til þín.“

Stefndi: „Þá hlýtur þú að sjá, hvað ég reiknaði góða vexti á þetta, það er ekkert öðruvísi hægt að reikna. Eru ekki þarna breytingar á krónu eða eitt-hvað svoleiðis?“

Lögmaður: „Þannig að það eina, sem þú hefur fengið að láni hjá henni, voru þá þessar 150 þúsund krónur?“

Stefndi: „Nei, það er ekki það eina, enda var það, að hún fékk fleiri greiðslur út úr íbúðinni heldur en það, og ég hef aldrei neitað því og mun aldrei neita því alfarið. Samkvæmt skattframtalinu er það, sem ég fékk lán- að.“

Lögmaður: „Ég skil ekki alveg. Samkvæmt hvaða skattframtali?“

Stefndi: „Okkar.“

Lögmaður: „Þetta er skattframtal ykkar.“

Stefndi: „Þá hlýtur það að vera rétt.“

Sannað er með framburði stefnda, Karls Harrýs, og vætti vitna, að María Bjarnadóttir lagði stefnda til fé, til að hann gæti greitt skuldir sínar. Líta verður svo á, að tilvitnaður framburður stefnda hér fyrir dómi sé staðfesting á því, að hann hafi í árslok 1986 skuldað Maríu 2.955.522 kr., svo sem skattframtal greinir.

Ekki nýtur við annarra gagna en frásagnar stefnda um ástæðu þess, að skuld hans við Maríu var felld niður á skattframtali þeirra 1988. Hér er um háa fjárhæð að ræða, og verður að teljast ólíklegt, að slík skuld sé gefin eftir án skjallegrar heimildar. Niðurfelling hennar á skattframtali getur ein út af fyrir sig ekki talist sönnun á eftirgjöf. Nokkur skýring felst í vætti vitnisins Bjarna Sigursteinssonar, sem færði skattframtalið fyrir stefnda og Maríu. Hann var spurður um ástæðu þess, að skuldin var felld út af skattframtalinu 1988. Vitnið taldi, að þetta hefði verið gert að þeirra ósk, „en þó get ég ímyndað mér, að þarna hafi komið til líka, að þetta skipti ekki neinu máli skattalega, eftir að þau töldu fram sameiginlega.“

Stefndi, Karl Harrý, hélt því fram, að María Bjarnadóttir hefði gefið sér eftir umrætt lán. Hér er um að ræða mikinn ábata honum til handa, og átti hann, en nú dánarbú hans, sönnunarbyrði um, að um gjöf hefði verið að ræða. Stefndi hefur haldið því fram, að til hafi verið skriflegur gjörningur um þetta, óvottaður, sem hafi glatast. Ósannað er það. Fyrir dóminum skýrði hann svo frá, sem þó er ekki getið í greinargerð hans, að brotist

hefði verið inn í hús hans og skjali þessu stolið. Sú frásögn er ótrúleg og engum rökum studd. Það er því ósannað, að María Bjarnadóttir hafi gefið stefnda, Karli Harrý, eftir umrædda skuld. Ber og á það að líta í þessu samhengi, að fjárhæð þessa taldi stefndi ekki fram sér til tekna.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið ritað, verður það niðurstaða dómara í þessum hluta málsins, að stefnda, þrotabú Karls Harrýs Sveinssonar, verður dæmt til að greiða stefnendum skuld, sem var í árslok 1986 2.955.522 kr.

Stefnendur hafa með varakröfu sinni í þessum hluta máls krafist 6.129.545,60 kr. auk dráttarvaxta frá 16. janúar 1992 til greiðsludags.

Stefnendur gera svofellda grein fyrir skuld stefnda vegna lánveitinga Maríu Bjarnadóttur, sbr. kafla I, 2 í endanlegri kröfugerð:

Verðtryggt lán: Staða 31. 12. 1986	
samkvæmt skattframtali	kr. 2.955.522,00
Verðbætur 31. 12. 1986 – 16. 12. 1991,	
lánskjaravísitala 1452/3198	– 6.129.545,60

Dráttarvexti segja stefnendur reiknaða einum mánuði eftir birtingu stefnu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 25/1987.

Stefndi krefst þess, að innreiknaðir vextir í kröfu stefnenda verði felldir niður, en til vara, að vextir verði lækkaðir í venjulega vexti af innlánsbókum banka og sparisjóða að því leyti, sem þeir séu ekki þegar fyrndir.

Höfuðstóll skuldarinnar er ófyrndur. Vextir af skuldinni fyrnast á fjórum árum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905. Telja verður, að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða við slit sambúðar Maríu Bjarnadóttur og stefnda 15. september 1990. Vextir voru því ekki fyrndir, þegar mál var höfðað. Ekki eru lagaskilyrði fyrir verðtryggingu skuldarinnar, sbr. 35. gr. laga nr. 13/1979. Rétt þykir, að höfuðstóll hinnar dæmdu fjárhæðar, 2.955.522 kr., beri vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. janúar 1987 til 16. janúar 1992, en dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

II. Um bifreiðina KS-839.

María Bjarnadóttir keypti bifreiðina KS-839, Ford S 350 Club Wagon, XL, árg. 1985, samkvæmt afsali 30. maí 1989 fyrir 980.000 kr. Hún átti fyrir Subaru-bifreið, sem hún seldi á sama ári á 980.000 kr., sbr. skattframtal. Stefndi bar, að söluandvirði Subaru-bifreiðarinnar hefði gengið til kaupa bifreiðarinnar KS-839.

Í málinu liggur frammi ljósrit tilkynningar til ökutækjaskrár um eigendaskipti ökutækisins KS-839, seljandi María Bjarnadóttir, kaupandi Karl Harrý Sveinsson, og vottar að undirskriftum Guðbrandur G. Björnsson og

Hjörtur Narfason. Stefndi kvað önnur skjöl en söluþilkyninguna ekki hafa verið gerð vegna eignaryfirfærslunnar. Hann kvaðst ekkert endurgjald hafa greitt Maríu, en hins vegar kostað breytingu á bifreiðinni í júní 1990 (drif o. fl.) eftir umskráninguna. Af skoðunarskýrslu Bifreiðaskoðunar Íslands hf., dags. 11. júní 1990, um bifreiðina KS-839 og með skýringum vitnisins Reynis Guðmundssonar skoðunarmanns kemur fram, að bifreiðinni hafði þá verið breytt. Stýrisörmum hafði verið breytt 21. 5. 1990 (og framdrif þá komið), einnig fjaðrir ofan á ása, breikkaðar hjólhlífar (og stærri hjólbarðar) og lengdir stuðpúðar.

Lögmaður stefnenda fór þess á leit við Sigurð Árnason, sérfræðing í krabbameinslækningum, að hann gæfi út vottorð um líkamlegt og andlegt ásigkomulag Maríu heitinnar 11. júní 1990. Vottorð læknisins, dags. 6. febrúar 1992, er svohljóðandi:

„María var sjúklingur minn, frá því að hún greindist með brjóstakrabbamein í júní 1988 og til dauðadags. Varðandi andlegt og líkamlegt ástand hennar 11. júní 1990 er sá dagur ekki sérstaklega skráður í sjúkragögn, en hins vegar margir dagar bæði á undan og eftir. María lá inni á krabbameinslækningadeild Landspítalans oft og m. a. 2. júní til 12. júní 1990. Ástæða innlagnar 2/6/90 voru vaxandi einkenni frá höfði, gleymaska, höfuðverkur og rugl. Upphaflega greindist María með meinvörp í höfði í ágúst 1989 og hafði þá í nokkrar vikur haft vaxandi einkenni frá höfði, m. a. sljóleika, höfuðverk. Leiddi þetta til þess, að hún var skorin upp á taugaskurðlækningadeild Borgarspítalans. Fékk hún geislameðferð á höfuðið í kjölfar þess, samtals 40 Gy á allan heilann, og lauk þeirri geislameðferð í byrjun október sama ár. María náði sér aldrei eftir þetta andlega eða líkamlega. Snemma árs 1990 fer aftur að bera á vaxandi einkennum frá miðtaugakerfi (sljóleika, rugli, viðloðandi höfuðverk), og ný mynd af heila, tekin í mars, sýnir, að æxlin þar eru farin að vaxa að nýju. Fékk María því viðbótar-geislameðferð 20 Gy og var því þar með búin að fá háan geislaskammt á allan heilann. Geislameðferð á heila ein sér veldur sljóleika og stundum oft varanlegum heilaskemmdum. Ofangreind einkenni minnkuðu lítið, en sveifluðust þó. Í maí 1990 fór að bera á vaxandi einkennum frá höfði að nýju, miklu minnisleysi og rugli. Ný tölvusneiðmynd af höfði, tekin 6/6/90, sýndi vaxandi meinvörp, og var María með veruleg einkenni allan tímann fram til þess að hún fluttist yfir á taugaskurðlækningadeild BSP til aðgerðar 12/6/90. Á þessum tíma var María með útbreidd meinvörp í lifur og beinum og einkenni frá þeim. Hún var því á vaxandi skömmtum af sterkum verkjalyfjum (T. Dolvípar, 2 töflur × 4), sem juku á sljóleika á stundum. Af plöggum má ráða, að María hafi farið heim í helgarleyfi 10. og 11. júní. Ég dreg þá álykt-

un af sjúkragögnum Maríu svo og af minnismynd minni af henni á þessum tíma, að hún hafi 11. júní 1990 verið óhæf sakir vaxandi einkenna frá miðtaugakerfi (sljóleika, gleymsku, höfuðverkja) til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir eða taka á sig ábyrgð hvers konar, hvort sem er munnlega eða skriflega. Enn fremur hafði ég á þessum tíma og að gefnu tilefni ráðið Maríu eindregið frá því að láta einhvern/einhverja ýta sér til undirskrifta, enda væri hún ófær til þess sakir sjúkdóms.“

Sigurður Árnason staðfesti vottorðið fyrir dóminum. Vitnið var spurt, hvað það hefði haft í huga, þegar það skrifaði í vottorðið, að það hefði að gefnu tilefni ráðið Maríu eindregið frá því að láta einhvern/einhverja ýta sér til undirskrifta. Vitnið svaraði: „Það, sem ég hafði í huga, voru upplýsingar hennar og hjúkrunarfræðinga, að komið hefði upp sá kvittur, að það hefðu verið að koma til hennar einhver skjöl eða til stæði að koma til hennar með einhver skjöl til undirskriftar. Sjálfur var ég ekki vitni að því. Þetta er líka almenn ráðlegging, sem við gefum sjúklingum, þegar svona stendur á, ef þeir eru ruglaðir eða meðan lyfin eru að byggjast upp í kroppnum, að fara varlega í öllum undirskriftum.“ Vitnið kvað ástand Maríu hafa sveiflast eins og annarra, sem líkt er komið fyrir, og einkenni gengið tímabundið til baka við meðferð. Læknirinn var spurður, hverjar líkur hann teldi vera á því, að sjúklingur, jafnsjúkur og María var 11. júní 1990, myndi lifa sjúkdóminn af. Svar hans var á þá leið, að líkur til, að sjúklingurinn dæi af völdum sjúkdómsins, væru svo yfirgnæfandi, að ekki væri ástæða til að ætla annað. Aðspurður kvað hann formlega rannsókn sálfræðinga á andlegri heilbrigði Maríu ekki hafa verið gerða, en læknar fylgdust almennt með andlegu ástandi sjúklinga.

Vitnið Pétur Björnsson rak Borgarbílasöluna, þar sem gengið var frá umræddri sölutilkynningu í greiðaskyni við stefnda, sem hafði starfað í sama húsi. Hann kvaðst hafa verið við önnur störf og ekki tekið eftir neinu óeðlilegu.

Vitnið Guðbrandur G. Björnsson staðfesti undirritun sína sem vottur á sölutilkynninguna. Hann kvað Maríu hafa verið rólega og yfirvegaða og ekki öðruvísi en hann hafði séð hana áður.

Vitnið Hjörtur Narfason staðfesti einnig undirskrift sína á sölutilkynninguna. Kvaðst hann hafa starfað í bílasölnunni og verið viðstaddur undirskriftir seljanda og kaupanda, en Gunnar (svo nefndur af Hirti) Björnsson hefði komið inn á bílasöluna rétt á eftir. Hann kvaðst fyrr hafa séð Maríu og stefndi sagt sér, að hún væri veik. Hann kvaðst engan mun hafa séð á henni í þetta sinn, frá því er hann hafði séð hana áður.

María Bjarnadóttir var langt leidd af banvænum sjúkdómi, er hún afsal-

aði stefnda bifreiðinni KS-839 með undirritun sölutilkynningar 11. júní 1990. Daginn eftir gekkst hún undir heilaskurðaðgerð. Vottorð Sigurðar Árnasonar læknis og vætti hans fyrir dóminum sýnir, að Maríu hefur ekki getað dulist, að hverju dró, að hún myndi eiga skammt eftir ólifað, virt á almennan reynslumælikvarða. Telja verður því, að afsalsgerningurinn hafi verið þáttur í ráðstöfunum á eftirlátnum eigum Maríu, og verður hann virtur sem dánargjöf. Hann er ógildur, þar sem ekki var gætt formreglna um erfðaskrár, sbr. 54. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Þarf þá ekki að leysa úr því, hvort gerningurinn hafi verið ógildur eða ógildanlegur samkvæmt þeim ákvæðum laga nr. 7/1936, sem stefnendur vísa til. Ekki er fallist á, að stefnendur hafi firrt sig rétti með tómlæti. Fram er komið, að endurbætur og breytingar höfðu verið gerðar á bifreiðinni þegar 11. júní 1990, en þá kom hún til sérskoðunar hjá Bifreiðaskoðun Íslands. Er þetta andstætt staðhæfingu stefnda þess efnis, að hann hafi á eigin kostnað gert endurbætur á bifreiðinni, og er sú staðhæfing ósönnuð.

Niðurstaða dómsins er samkvæmt framansögðu sú, að fallist er á aðalkröfu stefnenda í þessum hluta málsins, að stefndi afhendi þeim bifreiðina KS-839 að viðlögðum dagsektum, þó þannig, að dagsektir ákveðast 5000 kr. frá 15. degi eftir dómsuppsögu til afhendingardags bifreiðarinnar samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 176. gr. sömu laga, sbr. 23. gr. laga nr. 38/1994. Þá þykir dómara rétt að verða að hluta við kröfu stefnenda um leigugjald fyrir afnot stefnda af bifreiðinni. Stefnendur krefjast 10.982 kr. í leigu á dag frá dómsuppsögudegi héraðsdóms í máli þessu, 27. nóvember 1992, sem hnekkst með dómi Hæstaréttar 22. júní á þessu ári, og til uppsögudags þessa dóms. Þeir krefjast einnig dráttarvaxta af þessari fjárhæð skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögudegi þessa dóms til greiðsludags. Ekki liggur fyrir, hvernig eða hve mikið bifreiðin hefur verið notuð. Leigukrafa stefnenda er að mati dómara langtum of há. Þykir honum hæfilegt, að stefnendum verði dæmd leiga, að fjárhæð 1.150 krónur á dag, frá þeim tíma, sem stefnendur krefjast, til uppsögudags þessa dóms, en síðan dráttarvextir að kröfu stefnenda.

III. Um aðra lausafjarmuni.

Lögð var fram í málinu skrá, undirrituð af stefnda og lögmanni stefnenda, um lausafjarmuni í 265 liðum, sem afhent var lögmanninum fyrir hönd dánarbús Maríu Bjarnadóttur á heimili stefnda 14. júlí 1991. Þar er umstefndra muna ekki getið.

Börn stefnda, Stefán Bachmann og Fanney, gáfu skýrslur fyrir dóminum. Stefán kvað Maríu hafa gefið sér leðursófa og hægindastól, en án skemils,

árið 1989 eða 1990. Fanney kvað Maríu hafa gefið sér silfurhálsmenið sumarið 1990 eftir fermingu sína.

Vinkonur Maríu heitinnar, þær María Eyþórsdóttir, Anna Árnadóttir og Helga G. Ólafsdóttir, báru, að sófasett með rauðu plussáklæði hefði verið á heimili hennar og stefnda, er þær vissu síðast til, þ. e. árið 1990. Stefndi kvað sófasettið hafa verið selt fyrir um ári, og vissi hann ekki, hver keypti.

Ómótmælt er, að lausafjármunir, sem III. þáttur dómkrafna stefnenda lýtur að, hafi verið í eigu Maríu Bjarnadóttur að því undanskildu, að stefndi kveður sófasett með rauðu plussáklæði hafa verið gefið þeim báðum. Staðhæfing stefnda um, að hann hafi ekki vörslur munanna, hlýtur stoð af vitnisburðum svo og því, að þeirra var ekki getið við gerð skrár um eigur dánarbús Maríu Bjarnadóttur, er fulltrúar stefnenda komu á heimili stefnda 14. júlí 1991 og tóku lausafjármuni. Af hálfu stefnenda hafa ekki verið færðar sönnur að hinu gagnstæða, og ekki er krafist féggjalds. Ber því að sýkna stefnda af kröfunum.

IV. Um gagnkröfur stefnda.

Ekki verður séð, að gagnkröfur stefnda um húsaleigu Maríu Bjarnadóttur fyrir vist hennar á sameiginlegu heimili þeirra, eftir að þau hófu sambúð, og um aðstoð hans við þessa sambúðarkonu sína, eftir að hún greindist með krabbamein, styðjist við rök. Ber að hafna þeim kröfum til skuldajafnaðar.

Um málskostnað.

Í samræmi við úrslit máls þykir dómara rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Þykir dómara hann vera hæfilegur 500.000 krónur.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, dánarbú Karls Harrýs Sveinssonar, greiði stefnendum, Ernu Árnadóttur, Antoni Bjarnasyni og Péttri Bjarnasyni, 2.955.522 kr. með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. janúar 1987 til 16. janúar 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi skal veita stefnendum umráð eignar dánarbús Maríu Bjarnadóttur, bifreiðarinnar KS-839 af Ford Club Wagon-gerð, innan 15 daga frá uppsögu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, 5.000 kr. Stefndi greiði stefnendum 1.150 krónur á dag í leigu fyrir bifreiðina frá 27. nóvember 1992 til uppsögudags dóms þessa, en frá þeim degi

beri leigufjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Stefndi er sýknaður af öðrum kröfum stefnenda.

Stefndi greiði stefnendum 500.000 krónur í málskostnað.
